

ORKUSTOFNUN
JARÐHITADEILD

GRUNNHITAMÆLINGAR Á JARDHITASVÆÐINU VIÐ REYKJANESVITA
SUMARIÐ 1968

Eftir

Jón Torfa Jónasson

September 1968

Grunnhitamælingar á jarðhitasvæðinu við Reykjanesvita
sumarið 1968

Eftir Jón Torfa Jónasson

Mælingar þessar voru gerðar á hitasvæðinu austan Reykjanesvita í þeim tilgangi að gera hitakort af svæðinu. Mælisvæðið takmarkast að norðan við Forsetahól, en nær nokkuð úpp í Skálaufell að sunnan. Í vestur ganga nokkrar mælilínur norðan misgengis niður að lóni stutt frá sjó. Til austurs nær mælisvæðið nokkuð austur í ummyndaða hóla og yfir nokkurn hluta hrauntungunnar milli þeirra og Forsetahóls. Sjálft hverasvæðið er nokkurn veginn í miðju mælisvæðinu, sem hefur verið merkt nokkuð nákvæmlega inn á loftmynd, þ.e. mælilínurnar eru teiknaðar inn. Skekkjan skiptir þó metrum, en hægt verður að leiðréttu hana að mestu þegar unnið hefur verið úr niðurstöðum landmælinga, sem gerðar voru á svæðinu að loknum hitamælingum.

Mælingarnar voru gerðar á tímabilinu 14. júní til 27. ágúst. Fyrstu dagana mældu þeir Sigurður Sveinsson og Sveinn Magnússon, en fljóttlega tóku við Jón Torfi Jónasson og Ari T. Guðmundsson. Stefán Þórarinsson kom í stað Ara um miðjan ágústmánuð.

Hitastigið átti að mæla á 50 cm dýpi. Til þess var notaður ATKINS-viðnámsmælir, sem hefur þrjú mælisvið, eitt fyrir 0° - 50° , annað fyrir 50° - 100° og þriðja fyrir 100° - 150°C , en við þurftum aðeins að nota tvö þau fyrstu. Spenna batteríanna er $4 \times 1.35\text{ V}$ (Mallory battery). Í tækinu var spennumælir. Sjálft mæli-viðnámið er í mjóum, frekar viðkvæmum málmstaut,

ca. metri á lengd. Til þess að koma honum niður gerðum við holar með sverum stálstaut og góðri sleggju. (Sá vildi oft festast í leir eða í hrauninu og reyndist þá bezt að skrúfa hann til með skriflykli.)

Mælilínur voru staðsettar þannig, að ákveðið var það svæði, sem hentugt þótti að mæla í einum áfanga, og réði landslag þar mestu um og svo líkur fyrir hita. Síðan var staðsett grunnlína og mælilínur síðan ákveðnar hornrétt á hana. Síðan var sett upp önnur grunnlína samsíða hinni fyrri í u.p.b. 100 - 150 m fjarlægð (sjá mynd 2). Ein grunnlína og þær mælilínur sem út frá henni eru teknar eru kallaðar saman mælikerfi og merkt með bókstöfunum, en þó byrjað með O: O-kerfi; A-kerfi; B-kerfi o.s.frv. Alls voru kerfin níu.

Gert var ráð fyrir að milli mælipunkta og þ.a.l. mælilína væri 30 m, en þar sem við vorum upphaflega einungis með snærisspotta, sem teygðist mjög er á mælingar leið og hefur e.t.v. verið ónákvæmt mældur í upphafi, varð bilið breytilegt - allt upp í 31.70 m. Stærð skekkjunnar í hverju kerfi ætti að koma vel í ljós þegar unnið hefur verið úr landmælingunum. Við úrvinnslu reyndum við að leiðréttu þessar skekkjur eftir föngum. Við landmælingarnar var gert ráð fyrir að grunnlínurnar væru beinar jafnvel þótt þær væru einungis miðaðar út eftir augnmáli. Eftir því sem við komust næst er þó ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir meira en \pm 10 cm fráviki í endum grunnlínanna.

90° hornið á mælilínurnar var fyrst mælt með því að búa til rétthyrndan þríhyrning úr bandi með skammhliðar 3 og 4 m og honum stillt þannig upp, að önnur skammhliðin

féll inn í stefnu grunnlinunnar og hornpunktur 90° hornsins var við fyrsta punkt mælilínunnar, þannig að hin skammhliðin benti í stefnu hennar. Þetta gerðum við í báðar áttir og tókum síðan meðaltal. (Sjá mynd 1).

Myndir 1 og 2 gefa í skyn mæliaðferðir áður en hornspegginn kom til sögunnar. (Það er augljóst, að ef skekkja læðist inn við mælingu hornanna A, þá verður allt kerfið skakkt.) (Mælipunktarnir voru alltaf teknir á mælilínunum með millibilinu a.)

Mynd 3 gefur í skyn uppsetningu mælikerfis eftir að hornspegginn kom til sögunnar. Um leið og þessi hornspegill var tekinn í gagnið byrjuðum við að nota rafmagnsleiðslu til lengdarmælinga. Á henni teygðist ekkert. - Auk þess sem hornspegginn er mjög nákvæmur, gaf hann tilefni til þessarar einföldu uppsetningar, sem kom í veg fyrir að allt kerfið skekktist, þótt skekkja læddist inn við hornamælingu.

Þar eð mikill hluti svæðisins, sem mælt var, er hraun reyndist oft ógerlegt að gera 50 cm djúpar holur. Til þess að ná 50 cm dýpi þurftum við því oft að víkja frá réttum punkti. Sjaldan var þetta frávik meira en 5 m, en yfirleitt var það einungis 1-2 m. Einnig kom fyrir að ógerlegt var að komast niður á nema $\frac{10-20}{\text{cm}}$ og þá var punkturinn merktur ómælanlegur (ØM). Ef frávik frá réttum punkti var stórt > 5 m eða holan mjög grunn < 35 cm er það oftast tekið fram við hitatöluna, sem færð var inn, en einungis fyrra frávikið var reiknað með við úrvinnslu. Þess ber einnig að geta að varla hefur dýpi holunnar alltaf verið nákvæmlega 50 cm þegar ekki var hraun fyrir. Sérstaklega í gljúpum jarðvegi t.d. sandi eða leir hefur hún stundum verið dýpri þ.e. milli 50 og 60 cm, þó nær 50 að meðaltali.

Stefna mælilínanna sjálfra hélzt mismunandi bein; eftir því sem mishæðirnar voru fleiri í landslaginu var erfiðara að halda þeim beinum, enda þótt við reyndum að miða inn viðbótarstikur eftir því sem þörf krafði; svo yfirleitt má gera ráð fyrir sæmilegri nákvæmni. - Helzt eru löngu línumnar í kerfi B vafasamar en þó virtist vera mjög nærri 30 m á milli endanna á línumnum vestur við lónið. - Í fyrri hluta mælinganna (O - A - B - D - E) - þ.e. á tímabilinu fyrir hornspegil - má gera ráð fyrir að mælipunktar séu innan 3 m frá þeim stað sem þeir eru staðsettir á skv. loftmynd, en í seinni hlutanum - kerfum F - G - H - I - innan við 1 m.

Sá tími, sem fór í að mæla hverja línu var mjög mislangur. Það sem tafði helzt var erfiður jarðvegur (þ.e. hraun) og mishæðott landslag. Mun fljótlegra var að mæla eftir að hornspegillinn var tekinn í notkun. Á þessu svæði var tiltölulega fljótlegast að mæla línum sem voru u.p.b. 15 punktar. Þá nægir yfirleitt að hafa uppi 2 - 4 stikur í hverri línu. Það tekur sinn tíma að miða inn stikurnar í hverja línu og ef línumnar eru miklu lengri býður það heim bæði meiri ónákvæmni og tímafrekum gönguferðum. - Ef landið er mjög slétt getur verið um geysimikla vinnuhagræðingu að ræða. - Sjaldan tókum við fleiri en 60 punkta á dag og yfirleitt voru þeir færri. Þess ber að geta að mun tímafrekara er að vinna úr stuttum línum en längum.

Úrvinnsla var í byrjun mjög tímafrek, einkum vegna þess að ekki lá ljóst fyrir hvernig skyldi vinna verkið og á hvaða formi ætti að skila því.

Við merktum hitapunktana inn á millimetrapappír og ætlunin var að hafa 2 cm fyrir hverja 30 m, en þar sem mælibandið reyndist vera 31.70 m varð mælikvarðinn á hitakortinu 2:3170 → 1:1585.

Dæmi um uppsætningu (sbr. mynd 4)

Lína 1

- 1) 20.0°
- 0) 18.0°
- 1) 17.0° (við grunnlinu)
- 2) 20.0°
- 3) 30.0°
- 4) 90.5°

Lína 2 (stefna öfug)

- 1) 88.0°
- 2) 50.0°
- 3) 45.0° 3 1/2) 14.0°
- 4) 40.0°
- 5) 20.0° (við grunnlinu)

Leiðréttning: $10^{\circ} - 50^{\circ}$: + 0.5
 $50^{\circ} - 85^{\circ}$: 0
 $85^{\circ} - 100^{\circ}$: + 0.5

Inn á kortið eru mælilínur teiknaðar með þeim skekkjum, sem við vitum um. - Þær alvarlegustu eru í E-kerfi, línum 7 - 18. - Síðan var mikið mas að skeyta kerfin saman og er í rauninni útilokað að gera það svo að vel sé fyrr en niðurstöður landmælinganna liggja fyrir.

Ef til vill hefði verið betra að hafa 9 - 16 landmælda punkta á svæðinu áður en hitamælingar hófust, þannig að ákvarða mætti grunnlinur með tilliti til þeirra, en þá þyrfti að staðsettja með hitamælingar í huga.

Helztu gögn eru: Loftmynd þar sem inn á eru merktar mælilínur; blöð þau sem mælitölurnar eru ritaðar á; millimetrapappír sem inn á eru merkt mælikerfin þ.e. tölurnar í hverju kerfi fyrir sig; millimetrapappír sem inn á eru dregnar hitalínur og hitakort byggt á á þessum gögnum.

Atkins-mælirinn var fjórum sinnum borinn saman við tvo kvikasilfursmæla í herbergi Jarðhitadeildar upp í Keldnaholti. Við pennan samanburð var notað þar til gert ker.


Leiðréttning okkar var aðeins gerð í hálfri og heilli gráðu; hún er sýnd í seinni dálknum. Gefið er upp meðalfrávik á bili, þar sem frávikið var mjög svipað.

	Meðalfrávik Atkins-mælis	Leiðréttning á hitastigi sem mælt var úti á mörkinni
1. athugun	10° - 50° - 0.7° 50° - 85° - 0.2° 85° - 100° - 0.4°	+ 0.5 0 + 0.5
2. athugun	0° - 30° - 0.63° 30° - 50° - 0.85° 50° - 100° - 0.16°	+ 0.5 + 1.0 0
3. athugun	0° - 50° - 0.9° 50° - 85° - 0.1° 85° - 100° - 0.5°	+ 1.0 0 + 0.5
4. athugun	0° - 50° - 1.1° 50° - 55° 0° 55° - 100° - 3.4°	+ 1.0 + 0 + 0.5


Skv. 1. ath. voru kerfi O og A leiðrétt

"	2.	"	"	B og D	"
"	3.	"	"	E og F og G	"
"	4.	"	"	H og I	"

MYND 1



MYND 2




MÆLILÍNUR: — — — — —

MÆLDAR FJARLÆGÐIR: a (ca. 30m)

MÆLD 90° HORN: A

MYND 3



MÆLILÍNUR: ——————

MÆLDAR FJARLÆGÐIR: a (ca 30m)

MÆLD 90° HORN: A

ORKUSTOFNUN

GRUNNHITAMÆLINGAR Á REYKJANESI

SEPT.'68 JTJ/EK

TNR. 10

J - REYKJANES

FNR. 8567

MYND 4

